



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

84. fundur skóla- og frístundaráðs, 9. sept. 2015, sjá [fundargerð](#)

1. liður

Lýðheilsa og heilsuefling barna og unglinga í leik-, grunn- og frístundastarfi, áfangaskýrsla heilsueflingarhóps, kynning.

Fulltrúi foreldra fagnar þessu tímabæra verkefni enda er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrá. Samvinna heimila og skóla er mikilvæg til að leggja grunninn að heilsueflingu barna sem mun síðan nýtast þeim áfram í lífinu. Fulltrúi foreldra telur mikilvægt að kynning á verkefninu sé markviss, og til þess fallin að kveikja áhuga og tryggja að skólasamfélag hvers skóla sé tilbúið til að taka við verkefninu. Skólaráðum er ætlað að móta sérkenni og stefnu síns skóla, en á sama tíma eru æ fleiri skyldur og verkefni lagðar á herðar hans. Ef vel á að takast til við innleiðingu á verkefni sem þessu þarf ekki bara áhugi og vilji að vera til staðar, heldur einnig tími og fjármagn.